

Ed.

208. Nefndarátt

um frumvarp til laga um stofnun docentsembættis við heimspekisdeild Háskóla Íslands.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um þetta frumvarp. Þykir meiri hlutanum sjálfsagt, að íslensk tunga sje kend við háskólann, en engin sliik kensla fer fram eins og nú stendur. Telur nefndin, að það sje mjög áriðandi fyrir háskólann, að kensla í sögu og bókmentasögu þjóðarinnar og íslenskri tungu sje í sem bestu lagi. Sú hlið háskólans vekur sjerstaklega eftirtekt á honum út á við, og mestu líkur ættu að vera til, að vjer í þessum fræðum ættum að geta eignast framúrskarandi visindamenn. Með tilvísun til þessa leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 19. mars 1925.

Sig. Eggerz,
form. og frsm.

Ingibjörg H. Bjarnason.